

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

Jóhann Guðmundsson
skrifstofustjóri

2. apríl 2020

Veiðidagar á grásleppu

Grásleppunefnd Landssambands smábátæigenda hefur fjallað um niðurstöður Hafrannsóknastofnunar þar sem lagt er til að heildarafli á grásleppuvertíðinni 2020 fari ekki umfram 4.646 tonn. Samkvæmt reglugerð um hrognkelsaveiðar 2020 gildir grásleppuleyfi nú í 25 samfellda daga.

Á vertíðinni 2019 var fjöldi veiðidaga 44. Heildarafli þeirra 240 báta sem stunduðu veiðarnar varð 4.952 tonn sem var 147 tonnum (3%) umfram það sem Hafrannsóknastofnun lagði til. Upphafsdagur vertíðar í fyrra var 20. mars.


Veiði á yfirstandandi vertíð, sem hófst 10. mars, hefur verið nokkru betri en við upphaf vertíðar í fyrra. Mest hefur aukningin verið hjá bátum sem stunda veiðar sunnan við Langanes. Þá hefur veiði á Skjálfanda og í Eyjafirði einnig verið betri.

Í ljósi þessa telur grásleppunefnd LS að fækka verði veiðidögum til að tryggt verði að afli fari ekki umfram það sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til. Nefndin leggur til að veiðidagar á vertíðinni verði ekki færri en 39 og ekki fleiri en 40.

Í starfi nefndarinnar kom fram að ákvörðunin nú væri afar erfið, ekki síst þar sem veiðar á innanverðum Breiðafirði undanfarin ár hafa gengið afar vel. Á móti kemur að framundan er bræluveður úti fyrir N og NA-landi, á þeim tíma sem oftast hefur gefið bestu veiðina. Þá er samanburður erfiður þar sem upphafstími vertíðar nú var tíu dögum fyrr en verið hefur undanfarin ár.

Nefndin beinir því þeim tilmælum til ráðuneytisins að fylgst verði vel með gangi veiðanna næstu daga.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri

